



**Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu**

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 HAFNARFIRÐI

Kópavogi 27. apríl 2012

Efni: Holtsgöng, breytingar á gatnaskipulagi. Breytingar á byggingarmagni á byggðasvæði nr. 5. Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, til samþykktar í auglýsingu sbr. 24. gr. skipulagslaga.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins samþykkti á fundi sínum 27. apríl sl. að tillaga að breytingu á svæðisskipulaginu, varðandi Holtsgöng og byggðasvæði nr. 5, væri tilbúin í auglýsingu skv. 24. gr. skipulagslaga nr. 123. **Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. er tillagan send sveitarfélögunum til samþykktar í auglýsingu.**

Lýsing breytingar var samþykkt í svæðisskipulagsnefnd 4. febrúar 2011 og fór í framhaldi þess til kynningar og umsagnar ksv. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr., 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Lýsingin var send til eftirfarandi umsagnaraðila, Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Vegagerðar, Flugmálastjórna Íslands, Isavia, og sveitarfélaga sem eru aðilar að svæðisskipulaginu.

Engar verulegar athugasemdir voru gerðar við lýsinguna.

Þann 16. desember 2011 voru drög að tillögu að svæðisskipulagsbreytingu samþykkt til kynningar samkvæmt 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga, í svæðisskipulagsnefndinni. Tillagan var síðan kynnt á opnum íbúafundi í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 29. mars 2012, ásamt sambærilegri breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur og tillögu að deiliskipulagi lóðar NLSH við Hringbraut. Auk þess voru skipulagsgöng kynnt og gerð aðgengilega á vefnum. Engar formlegar athugasemdir hafa borist við tillöguna í umræddu kynningarferli.



**Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu**

Í ljósi þess hversu svæðisskipulagsferlið er tafsamt er þess óskað að sveitarfélögin hraði afgreiðslu þessa máls eins og kostur er, og eigi síðar en 25. maí nk. Stefnt er að því að auglýsa tillöguna ásamt samhljóða breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur og tillögu að deiliskipulagi nýs landspítala-háskólasjúkrahúss um mánaðarmótin maí/júní.

Virðingarfyllst,
f.h. svæðisskipulagsnefndar,

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH

Hjálagt:

- a) **Breyting á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðissins 2001-2024. Holtsgöng-LSH.** Tillaga. Apríl 2012
- b) **Holtsgöng. Stofnbraut felld út. Breytingar á byggingarmagni á byggðasvæði nr. 5.** Greinargerð og umhverfisskýrsla (sbr. 1. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlna). Apríl 2012
- c) Kynning á máls frá fundi svæðisskipulagsnefndar 27. apríl 2012

Sent til:

Aðildarsveitarfélaga SSH.